

## Fundargerð

### 20. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað mánudaginn 31. maí 2021, kl. 08:30.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson, Sveinn Margeirsson og Úlla Árdal.

**Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson**, verkefnisstjóri.

#### Dagskrá:

##### 1. Kosningar um sameiningu - 2102019

Farið yfir stöðu mála varðandi undirbúning íbúakosninga um sameiningu.

*Farið yfir stöðu mála varðandi undirbúning atkvæðagreiðslu, auglýsingar og fleira. Fundað hefur verið með starfsfólki skólanna og starfsfólki á skrifstofum sveitarfélaganna. Myndbönd þar sem íbúar hvetja aðra íbúa til að kjósa eru í vinnslu. Formaður og varaformaður eru að vinna að sameiginlegri grein til birtingar í Vikublaðinu og staðarblöðunum.*

*Samþykkt*

**Ákveðið að næsti fundur verði þriðjudaginn 8. júní kl. 8:30**

Fundi slitið kl. 09:30.